

Ferðafélag Íslands  
Stefán Jökull Jakobsson  
Mörkinni 6 Smiðjuvegi 14  
104 Reykjavík



Hella 16. júní 2017  
UST201706-144/H.Á.  
09.04.04

### Efni: Landmannalaugar, tímabundið leyfi fyrir rafstöðvarhúsi

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Ferðafélags Íslands dags 8. júní 2017, vegna ósk um tímabundins leyfis fyrir rafstöðvarhúsi til 30. september 2017.

Landmannalaugar er hluti af friðlandi að Fjallabaki, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 354/1979. Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask í friðlandinu er háð samþykki Umhverfisstofnunar.

#### Lýsing framkvæmdar:

Um er að ræða tímabundið leyfi til 30. september 2017 fyrir rafstöðvarhúsi á þeim stað sem rafstöðin hefur verið undanfarin ár, við olíutankinn við varnargarðinn í Landmannalaugum. Tilgangur með framkvæmdinni er að bæta ásýnd svæðisins og bregðast við hljóðmengun, hugsanlegri olíumengun og auka rekstraröryggi á svæðinu. Stærð hússins er 18 m<sup>2</sup> úr timbri. Meðfylgjandi umsókn er mynd af húsinu sem er í byggingu og áætlað að flytja á staðinn. Leyfi skipulagsnefndar sveitarfélagsins Rangárþing Ytra liggur fyrir.


#### Áhrifamat:


Umhverfisstofnun metur, miðað við ofangreinda framkvæmdarlýsingu, að framkvæmdin muni hafa frekar neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins þar sem verið er að bæta við byggingu á svæði sem áætlað er fækka byggingum samkvæmt deiliskipulagi sem er í vinnslu. Umhverfisstofnun telur aftur á móti jákvætt að með framkvæmdinni verði rekstraröryggi rafstöðvarinnar bætt og dregið úr hljóðmengun.

Umhverfisstofnun heimilar því fyrir sitt leyti tímabundið leyfi fyrir rafstöðvarhúsi í Landmannalaugum til 30. september 2017 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Að öllu raski við framkvæmdina verði haldið í algeru lámarki.
- Að vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Tilkynna skal landverði á svæðinu þegar framkvæmdir hefjast.
- Tilkynna skal Umhverfisstofnun um frávik á ofangreindri verklýsingu.
- Tilkynna skal landverði á svæðinu þegar framkvæmdum líkur.

Virðingarfyllst

  
Sigrún Agústs dóttir  
Sviðsstjóri

  
Hákon Ásgeirsson  
Sérfræðingur